



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsstötu 4
150 Reykjavík

Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 8. nóvember s.l., þar sem kynnt er til samráðs drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir.

Stefnan er stutt og hnitmiðuð og almenn ánægja með að búið sé að setja fram stefnu um rafleiki/rafíþróttir (RR) þar sem þátttakendum hefur fjölgað hratt síðastliðin ár. Margar félagsmiðstöðvar í Reykjavík hafa komið sér upp aðstöðu fyrir RR og starfsfólk hefur verið að þróa starfið í anda félagsmiðstöðvastarfs og þeirra markmiða sem þar er unnið eftir. Í inngangi að stefnunni er bent á að mikilvægi þess að skapa starfinu faglega umgjörð með það að leiðarljósi að vinna gegn neikvæðum áhrifum tölvuleikaspilunar og er heilshugar tekið undir þá ábendingu.

Í framtíðarsýn stefnunnar er bent á að í félagslegu, skipulögðu og öruggu umhverfi öðlist þátttakendur þá færni og þekkingu sem þarf til að ná árangri bæði í afreksstarfi í RR en einnig í lífi og starfi almennt. Gert er ráð fyrir að síðari þátturinn falli undir afþreyingar- og frístundastarf. Í stefnunni er leitast við að ávarpa bæði þá sem eru í afreksmiððu RR sem fer fram innan Íþróttafélaga en einnig þá sem iðka RR í frístundum og án þess að hafa afreksstarf að markmiði. Það getur verið snúið að blanda þessu tvennu saman og stundum erfitt að átta sig á hvað í stefnunni gildir um afreksstarf og hvað um RR sem stundað er af og til í frístundum. Sett er fram sameiginleg skilgreining fyrir þetta tvennt í stefnunni og þó að flestir geti verið sammála um að afreksstarf og frístundastarf fari fram í hópum og að þar eigi sér stað fræðsla um heilbrigðan lífsstíl er kannski síður raunhæft að líkamleg hreyfing og ræktun andlegrar þrautseigju fái mikið pláss nema í afreksstarfi. Í starfi félagsmiðstöðva er megináhersla lögð á félagslega þáttinn í tengslum við RR, jákvæð og uppbyggileg samskipti og virka þátttöku. Því er lagt til að hugað sé að aðgreiningu á milli umfjöllunar (og mögulega skilgreiningar) í stefnunni um afreksstarf annars vegar og afþreyingu- og frístundastarf hins vegar.


Fjölbreytileikanum er fagnað í stefnunni eins og fram kemur í einni fyrirsögn en þó einungis tekið fram að sérstaklega beri að horfa til stöðu kvenna og skapa þeim öruggt umhverfi í RR. Það þarf að huga að stöðu hinsegin fólks, fatlaðra, innflytjenda og svo framvegis í þessu samhengi. Fjölbreytileiki snýst ekki eingöngu um að taka tillit til kvenna og karla og mikilvægt að hafa það í huga í framsetningu í stefnunni.

Meginmarkmið stefnunnar eru mjög almenn og falla vel að þeim markmiðum sem sett eru í íþrótt- og frístundastarfi almennt þar sem einnig er lögð áhersla á forvarnargildi, lýðheilsu og þátttöku. Það er því ljóst að RR ætti að eiga alla möguleika á að verða hluti af öðru íþrótt- og frístundastarfi sem fyrir er og er hægt að byggja á þeim faglega grunni sem þar er til staðar.

Ekki er vísað til heimilda í stefnunni og því erfitt að átta sig á því á hvaða rannsóknum og heimildum hún er byggð. Áhugassömum er bent á lokaverkefni til BA-prófs í tómstunda- og félagsmálafræði þar sem fjallað er um félagslegan ávinning rafíþróttaiðkunar ef rétt er að staðið, sjá nánar [hér](#).

Skóla- og frístundasvið fagnar því að verið sé að vinna að stefnu um rafleiki og rafíþróttir þar sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hefur hingað til ekki haft slíka stefnu eða ramma til að styðjast við varðandi áframhaldandi fagþróun á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink that reads "Helgi Grímsson". The signature is written in a cursive, slightly slanted style.

Helgi Grímsson

sviðstjóri skóla- og frístundasviðs